

# GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

Skólanámskrá  
2018 - 2019



## 8. bekkur

Umsjónarkennarar: Anna Júlíusdóttir & Garðar Geirfinnsson

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Skólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir [olina@olfus.is](mailto:olina@olfus.is)

Aðstoðarskólastjóri: Jónína Magnúsdóttir [jonina@olfus.is](mailto:jonina@olfus.is)

## Efnisyfirlit:

Inngangur .....	3
Samstarf heimilis og skóla .....	3
Skimanir 2018 -2019.....	3
Námsmat .....	3
Valgreinar .....	4
Viðmiðunarstundaskrá .....	4
Íslenska .....	5
Stærðfræði .....	7
Náttúrugreinar.....	9
Samfélagsgreinar .....	11
Enska.....	13
Danska .....	15
Íþróttir .....	17
Sund.....	19
Heimilisfræði .....	21
Upplýsinga- og tæknimennt .....	23
Myndmennt.....	25
Hönnun og smíði/málsmíði (Val).....	27
Textílmennt (Val) .....	29
Dans (Val) .....	31
Jóga (Val) .....	31
Vinnustofa (Val).....	31
Skólakór (Val).....	32
Forritun og Minecraft (Val).....	32
Skrautskrift (Val).....	32
Íþróttir og útivist (Val) .....	33

## Inngangur

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leggur megináherslu á að þjálfra skólafærni nemenda. Með skólafærni er átt við umgengni, samskipti og vinnubrögð. Nemandinn þarf m.a. að læra að fara eftir reglum skólans og fyrirmælum starfsfólks, sýna skólafélögum sínum tillitsemi í leik og starfi, læra að umgangast eigur sínar, skólans og féлага sinna. Hann þarf að læra að vinna skipulega, ljúka verkefnum sínum, virða vinnu sína og annarra, vinna í hópstarfi og taka réttmæta ábyrgð á námi sínu. Lögð er áhersla á að samfella sé á milli skólastiga bæði í námi og félagsstarfi.

### Stefna skólans

- Að stuðla að vellíðan allra í skólanum
- Að efla félags- og siðgæðisvitund nemenda
- Að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu svo og taki ábyrgð á eigin gjörðum
- Að kennsluaðferðir, námsefni og námsumhverfi miðist við þroska og getu nemenda
- Að efla samskipti nemenda og starfsfólks innbyrðis svo og samskipti skóla og heimila

Einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn eru: Vinátta—virðing—velgengni.

## Samstarf heimilis og skóla

Skóli og heimili eiga að hafa virk tengsl sín á milli og bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Samstarf heimila og skóla einkennist af því að skólinn miðlar upplýsingum til foreldra um starfið í skólanum en það gerir hann m.a. með tölvupósti, fundum og fréttabréfum. Auk þess einkennist samstarfið af samræðum við foreldra um allt sem við kemur nemandanum og skólastarfinu. Foreldrar taka einnig ákvarðanir með skólanum og vinna að öllum markmiðum nemenda með kennurum, í því felst t.d. heimanám, reglur um samskipti og hegðun, viðurlög við brot á reglum o.fl.

Helstu samskipti fara fram í gegnum Mentor og eiga foreldrar og kennarar almennt vikuleg samskipti þar inni.

## Skimanir 2018 -2019

Eftirtaldar skimanir eru hóp- og færniþróf og eru lögð fyrir 8. bekk sem hér segir:

Lesferill, lesfimi	september, janúar og maí
Talnalykill - stærðfræði	október
Orðarún 1	október
Orðarún 2	apríl

## Námsmat

Í öllum námsgreinum meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn áveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þau eru síðan metin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að matinu og mikilvægt er að fylgjast vel með námsmati inni í Mentor. Námsmatið er lifandi og er að breytast reglulega yfir skólaárið og á að vera leiðbeinandi þannig að nemendur og foreldrar viti hvað þarf að leggja áherslu á á hverjum tíma til að ná ákveðnum hæfniviðmiðum.

Lokamat er tekið saman við lok skólaárs. Nemendur í 8. bekk fá sitt lokamat í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D.

## Valgreinar

Nemendur í 8. bekk eiga samkvæmt viðmiðunarstundaskrá að fá 37 kennslustundir á viku. Kjarninn er 32 stundir, sem er ákveðinn fyrirfram, en nemendur fá að velja 5 stundir. Þessar 5 stundir eru skilgreindar á sérstökum valseðli. Allir nemendur verða að velja textílmennt eða smíðar/málmsmíði. Nemendur velja svo 3 af eftirfarandi valgreinum: forritun, dans, íþróttir og útivist, Jóga, leikskólalval, skólakór, skrautskrift og vinnustofuval. Heimilt er að meta reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu starfi utan skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám utan grunnskóla s.s. nám við framhaldsskóla, listaskóla eða málaskóla. Nemendur geta fengið 2 kennslustundir metnar fyrir slíkt nám og þurfa því aðeins að velja 3-5 kennslustundir á viku. Foreldrar bera ábyrgð á þátttöku nemenda í slíku starfi.

## Viðmiðunarstundaskrá

Ætlast er til þess að nemendur fái ákveðið margar kennslustundir á viku í hverju fagi. Hér að neðan er áætlaður tímafjöldi í hverju fagi fyrir sig í 8. bekk:

Íslenska	5
Stærðfræði	5
Enska	4
Enska	4
Lífsleikni	1
Náttúrufræði	4
Samfélagsfræði	4
Íþróttir/Sund	3
Heimilisfræði/Myndmennt	2
Val	5
	<b>37</b>

# Íslenska

## Guðlaug Einarsdóttir & Sigbrúður Harðardóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Í 8.-10. bekk er kennt sem mest í anda heildstæðrar móðurmálskennslu. Mismunandi þættir móðurmálsins eru kenndir í tengslum hver við annan eftir því sem aðstæður og námsefni gefa tækifæri til. Á þessu stigi eru gerðar auknar kröfur um skilning nemenda á grunnhugtökum málfræði og bókmennta, án þess þó að hugtakanámið sé markmið í sjálfu sér. Áfram verður reynt að skapa jákvætt viðhorf nemenda til móðurmálsins og lögð áhersla á að nemendur temji sér vandaða meðferð þess. Fram fer þjálfun í framburði og framsögn, nemendur vinna markvisst að ritun og stafsetningu og fá tækifæri til að nýta tölvutæknina bæði til upplýsingaöflunar og miðlunar. Lögð er áhersla á innihaldsrík viðfangsefni sem tengjast hvers konar textum, málnotkun fjölmiðla og málefnum líðandi stundar. Í kjölfar þjóðarsáttmála um læsi verður leitast við að auka lestur og jákvætt viðhorf til hans, m.a. með heimalestri á öllum skólastigum og fleiri lestrarstundum í skóla.

# Íslenska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kveikjur – lesbók.</li> <li>- Kveikjur – Vinnubók.</li> <li>- Sérðu það sem ég sé – Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og tileinkað sér viðeigandi talhraða, fas og tjáningu.</li> <li>- Geti tekið þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði.</li> <li>- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi.</li> <li>- Geti komið fram, tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp og tekið þátt í rökræðum.</li> <li>- Geti hlustað á, nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum.</li> <li>- Kynnist íslenskri dægurmenningu s.s. kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum.</li> </ul>	<p>Nemendur vinna í lotum þar sem tekist er á við mismunandi þætti íslenskunnar. Notast er við ýmsar kennsluaðferðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Bein kennsla.</li> <li>- Heimildavinna.</li> <li>- Lausnaleitarnám.</li> <li>- Leitarnám.</li> <li>- Samvinnunám.</li> <li>- Hugstormun.</li> <li>- Umræður og spurningar.</li> <li>- Ítarnám.</li> <li>- Lesið, spurt og spjallað.</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Málið í mark - fallorð.</li> <li>- Málvísir.</li> <li>- Málfinnur.</li> <li>- Skrifinnur.</li> <li>- Orðabækur.</li> <li>- Lestrarbækur/ Sögubækur.</li> <li>- Garðurinn.</li> <li>- Gunnlaugssaga ormstungu.</li> <li>- Ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist jákvætt viðhorf til lestrar og átti sig á mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi.</li> <li>- Geti lesið fjölbreyttan texta með góðum hraða og skilningi og beitt mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun, ítarlestri, gagnvirkum lestri o.fl.</li> <li>- Geti valið og lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir álitinu og upplifun á því sem lesið er.</li> <li>- Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. söguþræði, sögupersónum, umhverfi, boðskap, innri og ytri tíma, sjónarhorni, söguviði og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.</li> <li>- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega.</li> <li>- Geti beitt hugtökum í bragðfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.</li> <li>- Geti leitað og aflað sér heimilda úr tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt.</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti skrifaði skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd.</li> <li>- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum og nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn.</li> <li>- Geti notað hugarkort við skipulagningu verkefna.</li> <li>- Geti beitt helstu atriðum sem áður hafa verið lögð inn í stafsetningu og greinamerkjasetningu af nokkru öryggi.</li> <li>- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta.</li> <li>- Þjálfist í uppsetningu og frágangi á texta.</li> <li>- Geti skrifað texta í tölvu og beitt helstu aðgerðum í ritvinnslu, skráð og vísað til heimilda.</li> <li>- Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga.</li> </ul>	
Málfræði og stafsetning		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>- Þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein, beinni og óbeinni ræðu.</li> <li>- Þekki uppflertimyndir orða til að leita í orðabókum,</li> <li>- Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli, þekki víðtæk orð og sértæk, samheiti og andheiti, margræðni, nýyrði og tókuorð.</li> <li>- Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið.</li> <li>- Þekki samsett orð, ósamsett, orðhluta; rót, stofn, viðskeyti, forskeyti, beygingarendingar, afleidd orð.</li> <li>- Þekki i-hljóðvarp, u-hljóðvarp, klofning, hljóðskipti.</li> <li>- Þekki einhljóð, tvíhljóð og atkvæði.</li> <li>- Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni orðflokka.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Námsmat byggist á verkefnavinnu, leiðsagnarmati, yfirferð á vinnubókum og verkefnum, sjálfsmati, jafningjamati og umsögnum kennara.</p> <p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið.</p>		

# Stærðfræði

Ingvar Jónsson

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Verkefni hennar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar. Hæfni í stærðfræði er því forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum.

Hugtök				
Tölur og talnareikningur	Rúmfræði	Almenn brot, tugabrot og prósent.	Tölfræði	Algebra og jöfnur
Veldi. Eiginleikar talna. Þáttun. Deilanleiki. Rétt röð reikniaðgerða. Hugareikningur. Slumpreikningur. Negatífar tölur.	Punktur. Lína. Horn. Hefðbundnar rúmfræðiteikningar með hringfara og reglustiku. Rúmfræðilegir staðir. Mælingar og útreikningar á stærð horna. Hnitakerfi Samhverfa í hnitakerfinu og utan þess.	Hugareikningur. Blaðreikningur. Reikniaðgerðirnar fjórar með almennum brotum og tugabrotum. Stærsti sameiginlegi þátturinn og minnsta sameiginlega margfeldið. Breyta tölum sem skrifaðar eru á forminu almenn brot, tugabrot eða prósentur, úr einu forminu í annað. Samanburður á stærðum talna.	Söfnun gagna og kynning niðurstaðna. Gildi sem lýsa miðsækni og dreifingu.	Talnamynstur. Alhæfing. Bókstafareikningur með og án sviga. Línulegar jöfnur, uppsettar og óuppsettar.



## Stærðfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Tölur og Reikniaðgerðir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skali 1A og 1B.</li> <li>- <a href="http://www.rasmus.is">www.rasmus.is</a></li> <li>- Geogebra.</li> <li>- Ýmist efni frá kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þróað, notað og gert grein fyrir aðferðum í hugareikningi, slumpreikningi og blaðreikningi í reikniaðgerðunum fjórum.</li> <li>- Lesið upplýsingar úr stærðfræðitexta og valið viðeigandi aðferð og verkfæri við lausn viðfangsefna.</li> <li>- Notað þætti, veldi, ferningsrót og frumtölur í útreikningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Innlagnir.</li> <li>- Prautalausnir.</li> <li>- Leitarnám.</li> <li>- Hugarkort.</li> <li>- Samvinnunám.</li> <li>- Hugstormun.</li> <li>- Umræður, rökræður og spurningar.</li> <li>- Ítarnám.</li> <li>- Lesið, spurt og spjallað.</li> <li>- Einn, fleiri, allir.</li> <li>- Talnatal.</li> <li>- Spegluð kennsla.</li> </ul>
Rúmfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Reiknað með slumpreikningi og reiknað af nákvæmni lengd, ummál, horn, flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál, tíma, hraða og breytt mælikvarða.</li> <li>- Útskýrt hvað felst í hverju mælihugtaki.</li> <li>- Kannað og lýst eiginleikum og einkennum tví og þrívíðra mynda og notað eiginleikana og einkennin í tengslum við rúmfræðiteikningar og útreikninga.</li> <li>- Framkvæmt, lýst og rökstutt rúmfræðiteikningar með hringfara og reglustiku og í rúmfræðiforriti.</li> <li>- Notað hnit til að flytja myndir og kanna eiginleika og einkenni rúmfræðilegra forma með og án stafrænna tækja.</li> </ul>	
Almenn brot, tugabrot og prósent.		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Borið saman og reiknað með tölum, sem skráðar eru á mismunandi formi, þ.e. með heilum tölum, tugabrotum, almennum brotum, prósentum og tölum á staðalformi, sett slíkar tölur fram á margvíslega vegu og metið við hvaða aðstæður hin mismunandi form talnanna eiga við.</li> <li>- Þróað, notað og gert grein fyrir aðferðum í hugareikningi, slumpreikningi og blaðreikningi í reikniaðgerðunum fjórum.</li> <li>- Reiknað með almennum brotum, deilt í almenn brot og einfaldað stæðu með almennum brotum.</li> </ul>	
Tölfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Raðað gögnum og flokkað þau, fundið og rökrætt um miðgildi, tíðasta gildi, meðaltal og spönn, kynnt gögn með og án stafrænna verkfæra og rökrætt um mismunandi framsetningu gagna og hvaða áhrif ólík framsetning kann að hafa.</li> <li>- Gert kannanir og notað gagnabanka til að leita að og greina töluleg gögn og beitt heimildarrýni.</li> </ul>	
Algebra og jöfnur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Meðhöndlað, þáttað og einfaldað algebrustæður, tengt stæður viðaðstæður í daglegu lífi, reiknað með formúlum, svigum og almennum brotum og notað ferningsreglurnar.</li> <li>- Leyst fyrsta stigs jöfnu og ójöfnur og jöfnur með tveimur óþekktum stærðum og notað aðferðina til að leysa fræðileg og hagnýt verkefni.</li> <li>- Notað tölur og breytur í könnunum, tilraunum og fræðilegum og hagnýtum prautalausnum og í verkefnum þar sem list- og verkgreinar koma við sögu.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Notast er við frammistöðumat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat og unnið eftir matsviðmiðum 8. – 10. bekkjar í aðalnámskrá grunnskólanna. Einkunnir eru einungis gefnar á lokamati í janúar og júní og þá er gefið í bókstöfum.</p>		

# Náttúrugreinar

Garðar Geirfinnsson

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

## Hugtök

Að búa á jörðinni	Lífsskilyrði manna	Náttúra Íslands	Heilbrigði umhverfisins	Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu
Náttúruvernd	Vistkerfi	Ljóstillifun	Auðlindir	Segull
Friðun	Búsvæði	Brennsla	Jafnvægi/nýting	Rafmagn, rafsegulsvið
Útrýming	Skýrslugerð	Fæðupýramídi	Hringrásir efna /vatns	Amper
Líffræðilegur	Flokkun lífvera	Vistkerfi	Ljóstillifun	Volt
fjölbreytileiki	Plöntufrumur	Fæðuvefur	Flokkun	Wött
Þróun	Dýrafrumur	Fæðukeðja	Vélar	Innrigerð frumeindar
Hafstraumar	Innri gerð frumna	Einkenni lífvera	Kraftar	Hljóðbylgjur
Veður	Flokkunarfræði	Einfrumungar	Endurnýting	Ljósbylgjur
Varmi	Grunnþarfir lífvera	Fjölfurumungar	Endurvinnsla	Frumkvöðlar
Massi	Almannavarnir	Þróun	Endurnotkun	Nýsköpun
Rúmmál	Björgunarsveitir	Aðlögun	Sýklalyfjaónæmi	Vísindamenn
Sjálfbærni	Fjöldahjálparstöð	Atferli	Rannsóknir	Rúmmál
Ytri og innri öfl	Umhverfisvernd	Byggingareiningar	Efnabreytingar	Orka
Veðrun	Náttúruvá	Frumeind	Lotukerfið	Varðveisla orku
Möndulhalli	Grunnvatn	Sameind		Vísindalegar aðferðir
Vetrarbraut	Loftslagsbreytingar	Hamskipti		Tilraunir
Endurnýting	Faraldrar	Leysing		Raugreinastofan
Endurvinnsla	Bólusetningar	Efnahvörf		Erfðafræði
	Líffærakerfi	Frumefni		DNA
	Næringarfræði	Efnasambönd		Dopplerhrif
	Næring/orka	Ph-gildi		Rauðvík
	Kynþroski	Hæfni dýra		Blávík
	Kynhneigð	Líffélag		
	Kynheilbrigði	Samlífi		
	Kynlíf			
	Sjálfsmynd			
	Átraskanir			
	Forvarnir			

## Náttúrugreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Að búa á jörðinni		- Útskýri og ræði ástæður náttúruverndar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lestur.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Tilraunir.</li> <li>- Vinnubókarvinna.</li> <li>- Paravinna, hópavinna og einstaklingsvinna.</li> </ul>
Náttúra Íslands		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geri grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.</li> <li>- Útskýri flokka lífvera eftir skyldleika, ein og fjölfrumunga.</li> <li>- Útskýri þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.</li> <li>- Taki dæmi af útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.</li> </ul>	
Heilbrigði umhverfisins		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Segi fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita</li> <li>- Nýti frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.</li> <li>- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.</li> </ul>	
Matsþættir	<p>Símat með ýmsum verkefnum þar sem metin eru matsviðmið fagsins og þeim skilað til nemenda með leiðsagnarmati. Einnig er notast við sjálfsmat, jafningjamat og frammistöðumat.</p>		

# Samfélagsgreinar

Anna Júlíusdóttir & Guðlaug Einarsdóttir

Undir samfélagsgreinar á elsta stigi heyra saga og landafræði auk þess sem komið er inn á efni þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspæki og siðfræði. Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Markmið þeirra er að stuðla að skilningi nemenda á viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð í því samhengi. Þeim er einnig ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra sem og útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda.

## Samfélagsgreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Reynsluheimur	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lýðræði og tækni.</li> <li>- Um víða veröld.</li> <li>- Efni á veraldarvef.</li> <li>- Efni frá kennara.</li> <li>- Myndbönd.</li> <li>- Fræðibækur.</li> <li>- Annað ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fjalli á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnfars.</li> <li>- Gefi skýringar á og rökræði gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.</li> <li>- Fjalli um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.</li> <li>- Útskýri megineinkenni gróðurfars, loftslags og vinda og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.</li> <li>- Geri sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.</li> <li>- Greini upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</li> <li>- Sýni fram á þekkingu á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Innlagnir (smáfyrirlestrar).</li> <li>- Lesið, spurt og spjallað.</li> <li>- Heimilda- og kvikmyndaáhorf.</li> <li>- Upplýsingaöflun og rökræður.</li> <li>- Lausnaleytingar.</li> <li>- Heimildavinna.</li> <li>- Samvinnunám.</li> <li>- Hugstormun.</li> </ul>
Hugarheimur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Rökestyðji gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.</li> <li>- Geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.</li> <li>- Sýni styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.</li> <li>- Setji sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul>	
Félagsheimur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Taki þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>- Vegi og meti skoðanir og upplýsingar, bregðist við þeim á forðómalausum og réttisýnan hátt .</li> <li>- Rökræði stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og sýni ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum.</li> <li>- Komi þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>- Sýni sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> <li>- Taki þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</li> <li>- Sinni velferð og hag samferðafólks síns.</li> </ul>	
Matsþættir	Leiðsagnarmat og símat fer fram allt skólaárið samofið námi og kennslu. Nemandur vinna stór og smá einstaklings- og hópverkefni sem öll eru hluti af lokamati.		

# Enska

## Lára Hrund Bjargardóttir & Sigrún Berglind Ragnarsdóttir

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lifnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Nemendur eiga að fá þjálfun í að vinna saman að úrlausn verkefna og temja sér gagnrýna notkun margs konar hjálparmiðla. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd.

## Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Spotlight 8 - lesbók.</li> <li>- Frjálslestrarbækur.</li> <li>- Ljósritað efni frá kennara.</li> <li>- Orðabækur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og bregðist við með orðum eða athöfnum.</li> <li>- Geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum, eða líkamstjáningu og nýtt sér upplýsingar í eigin verkefni.</li> <li>- Geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heim dægurmenningar og greint frá því helsta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesbækur.</li> <li>- Vinnubækur.</li> <li>- Hljóðdiskar.</li> <li>- Netmiðlar.</li> <li>- Munnleg verkefni.</li> <li>- Skrifleg verkefni.</li> <li>- Áhersla lögð á málfræði, orðaforða, og tjáningu.</li> <li>- Hópverkefni.</li> <li>- Einstaklingsverkefni.</li> </ul>
Lesskilningur		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji megininntak í stuttum frásögnum .</li> <li>- Geti aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>- Geti lesið sér til gagns og gaman auðlesnar bækur og tímarit, fjallað um efni þeirra.</li> <li>- Skilji leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. áhugamál og ferðalög.</li> </ul>	
Samskipti og frásögn		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>- Geti sagt frá reynslu sinni, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> <li>- Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> <li>- Geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.</li> <li>- Geti átt í skoðanaskiptum, fær einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti skrifað texta um efni sem hann hefur þekkingu á.</li> <li>- Geti sýnt fram á nokkur tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar og fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta.</li> <li>- Geti skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið um.</li> <li>- Geti tjáð skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> <li>- Lýsi í einföldu máli, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</li> </ul>	
Menningarläsi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geri sér grein fyrir að enska er töluð í ólíkum menningarheimum.</li> <li>- Sýni fram á að hann þekki til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.</li> <li>- Geti greint á milli enskrar tungu sem töluð er í Bretlandi og Bandaríkjunum.</li> </ul>	
Námshæfni		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinni sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn ásamt því að taka tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</li> <li>- Nýti sér helstu hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, leitarvélur, efni úr fjölmiðlum og ítarefni.</li> <li>- Geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</li> </ul>	
Matsþættir	<p style="text-align: center;">Námsmat byggist á kaflaprófum, munnlegum prófum, ritunum, bókaskýrslu, þemaverkefni og virkni og vinnu í kennslustundum.</p> <p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p>		

# Danska

Anna Júlíusdóttir & Sigbrúður Harðardóttir

Danska er kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og með það í huga er norræn samvinna mikilvæg til að styrkja samnorræna ímynd og samkennd.

Tilgangurinn með dönskukennslu á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum.



## Danska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Hlustun	- Smart. - Smart vinnu- bók.	- Skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt. - Fylgi meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og noti sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	- Bein kennsla. - Leitarnám. - Umræður. - Hlustun.
Lesskilningur	- Lestrarbækur. - Verkefni. - Kvikmyndir. - Tónlist. - Ítarefni.	- Lesi og skilji stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum. - Lesi sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn - og unglinga ef við á - og ræði efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.	
Samskipti	- Tak. - Tak vinnubók.	- Haldi uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælenda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og beiti algengustu kurteisvenjum. - Spyrji og svari á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. - Taki þátt í samskiptaleikjum og vinni samtalsæfingar.	
Frásögn		- Geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með og beiti eðlilegum framburði og áherslum. - Segi frá eða lýsi sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. - Endursegi og lýsi atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. - Flytji atriði, segi stutta sögu eða lesi upp texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.	
Ritun		- Skrifi stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengi saman einfaldar setningar, stafsetji flest algengustu orðin og noti algengustu greinarmerki eins og punkta og spurningarmerki. - Skrifi texta með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlistum með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við. - Lýsi í einföldu máli fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. - Skrifi einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. - Semji stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.	
Menningarlæsi		- Sýni fram á kunnáttu á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átti sig á hvað er líkt eða ólíkt í eigin menningu. - Sýni fram á þekkingu á ytri umgjörð menningarsvæðis, s.s. landfræðilegrar legu, staðháta og þekktra staða. - Sýni fram á þekkingu á þáttum sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. - Sýni fram á þekkingu á að algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum þekktum orðum.	
Námshæfni		- Setji sér einföld markmið og leggi mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf. - Beiti einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið. - Beiti sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur. - Tengir ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. - Taki þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlusti á og taki tillit til þess sem aðrir hafa að segja. - Nýti sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit o.fl.	
Matsviðmið		Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Námsmatsverkefni og próf úr námsefni. Samvinna - Sjálfstæði í vinnubrögðum - áhugi, ástundun og viðleitni metið jafnóðum við alla vinnu.	

# Íþróttir

Anna Júlíusdóttir & Garðar Geirfinnsson

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings.

Á unglíngastigi er nauðsynlegt að tengja skólaíþróttir í auknum mæli við fræðilega umfjöllun um markvissa ástundun heilsuræktar og hollra lífshátta, og þjálfa nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina og gera þá sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitssemi kemur á þessu aldurskeiði sem sérstök áhersla í hópleikjum og í umræðum um samfélagsleg og siðferðisleg málefni, staðalímyndir og kynímyndir. Áhersla í skólasundi skal lögð á þátt upplifunar nemenda. Þjóða skal nemendum fjölbreytta sundtíma þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar auk ýmissa leikja svo sem sundknattleiks eða annarra bolta- og áhaldaleikja. Þá ættu nemendur að kynnast aðferðum sundþjálfunar og annarra almenningsíþróttar í vatni. Á unglíngastigi skal einnig auka vægi björgunarþátta, troða marvaða, bjarga félaga og synda björgunarsund með félaga.

## Íþróttir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sé meðvitaður um gildi góðrar heilsu.</li> <li>- Þekki þjálfunarpúls og kunni að fara eftir honum.</li> <li>- Viti um áhrif næringar og hreinlætis á líkamann.</li> <li>- Sé meðvitaður um hver tíðni, tímalengd og ákefð þol- og styrktaræfinga eigi að vera.</li> <li>- Leggi sig fram og taki þátt í þeim æfingum, leikjum og íþróttagreinum sem kenndar eru.</li> <li>- Nýti sér nærumhverfi til leikja og æfinga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stöðvahringir.</li> <li>- Hringþjálfun.</li> <li>- Leikir.</li> <li>- Umræður.</li> <li>- Útikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki starfsemi hjarta og æðakerfis og hlutverk vöðva og hvernig eigi að þjálfva hvort tveggja.</li> <li>- Þekki heiti helstu vöðvahópa og hvernig þeir starfa.</li> <li>- Nái tókum á helstu grunntækni hóp- og einstaklingsíþróttá.</li> <li>- Setji sér markmið fyrir hreyfingu sína og þrekþætti.</li> <li>- Taki þátt í markvissri þol-, styrktar-, hraða-, og liðleikþjálfun.</li> <li>- Finni farveg fyrir hreyfingu sína.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekkir helstu leikreglur í íþróttagreinum sem stundaðar eru í skólaíþróttum.</li> <li>- Fái tækifæri til að efla liðsanda og félagslega samvinnu með verkefnum á sviði þátttöku í íþróttum og hreyfingu.</li> <li>- Fái tækifæri til að kynnast og starfa með ólíkum einstaklingum í leik og starfi.</li> <li>- Fái kynningu á þeim íþróttagreinum sem iðkaðir eru í heimahéraði.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tileinki sér gildandi umgengisreglur í íþróttamannvirkjum.</li> <li>- Gangi frá áhöldum og búnaði í íþróttahúsum að lokinni kennslu.</li> <li>- Þekki og fylgi eftir helstu öryggis, skipulags og umgengisreglum íþróttamannvirkja.</li> <li>- Umgangist tæki og áhöld á réttan hátt og beri virðingu fyrir tækjabúnaði.</li> <li>- Fari með stjórn leikja eins og að dæma og stjórna leik eða einfaldri æfingu.</li> <li>- Tileinki sér rétta líkamsbeitingu.</li> </ul>	
Matsþættir	<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Píp-test.</li> <li>- Langstökk án átrennu.</li> <li>- Liðleikapróf.</li> <li>- 1000 m hlaup.</li> <li>- 60 m spretthlaup.</li> <li>- Uppstökk.</li> </ul>		

## Sund

Anna Júlíusdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Áhersla í skólasundi skal lögð á þátt upplifunar nemenda. Þjóða skal nemendum fjölbreytta sundtíma þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar auk ýmissa leikja svo sem sundknattleiks eða annarra bolta- og áhaldaleikja. Þá ættu nemendur að kynnast aðferðum sundþjálfunar og annarra almenningsíþróttá í vatni. Á unglingsstigi skal einnig auka vægi björgunarþátta, troða marvaða, bjarga félaga og synda björgunarsund með félaga.

## Sund

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Öðlist þekkingu á mikilvægi þrifnaðar eftir íþróttaiðkun.</li> <li>- Nýti sér og sæki góðar upplýsingar um heilsu og velferð.</li> <li>- Geri sér grein fyrir mismunandi sundtökum.</li> <li>- Öðlist þekkingu og reynslu til að sýna helstu sundtök.</li> <li>- Öðlist þekkingu á grunnatriðum björgunarsunds.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tæknipjálfun.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geri sér grein fyrir rétttri líkamsstöðu í sundi.</li> <li>- Tengir hlutverk hjarta-, æða-, lungna- og taugakerfis við sundiðkun.</li> <li>- Framkvæmi stöðluð sund- og afkastagetupróf.</li> <li>- Nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra sundgreina.</li> <li>- Nýti sér sundkunnáttu og leikni til að stunda sund á eigin forsendum.</li> </ul>	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýni öðrum umburðarlyndi og skilning.</li> <li>- Viðhafi jákvæð og góð samskipti ofan í lauginni.</li> <li>- Sé kurteis gagnvart starfsfólki sundstaða og fari eftir reglum.</li> </ul>	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýni öryggis- og umgengisreglum skilning og fari í hvívetna eftir þeim.</li> <li>- Geri sér grein fyrir þeim hættum sem upp geta komið ef óvarlega er farið.</li> <li>- Sé fær um að umgangast áhöld og búnað sundstaða á öruggan hátt.</li> <li>- Sé fær um að umgangast sundstað á öruggan hátt.</li> <li>- Skynji og varist áhættusamar aðstæður í sundlaug.</li> </ul>	
Matsþættir		<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- 400 m frjáls aðferð viðstöðulaust. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skriðsund – stílsund.</li> <li>- Bringusund – stílsund.</li> <li>- Baksund – stílsund.</li> <li>- Stunga af bakka – stíll.</li> </ul> </li> <li>- 8m kafsund að hlut að botni laugar, synt með hlutinn til baka, endurtekið eftir 10 sek. <ul style="list-style-type: none"> <li>- Troða marvaða 1 mín.</li> </ul> </li> </ul>	

# Heimilisfræði

Daðey Ingibjörg Hannesdóttir

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilistörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

## Heimilisfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Gott og gagnlegt 3.</li> <li>- Næring og lífshættir.</li> <li>- Ítarefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tjái sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og áttað sig á ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.</li> <li>- Greini aðalatriði næringarfræðinnar og tjái sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum.</li> <li>- Fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Lesið.</li> <li>- Spurt og spjallað.</li> <li>- Einstaklingsvinna.</li> <li>- Hópavinna.</li> <li>- Paravinna.</li> <li>- Bókleg kennsla.</li> </ul>
Matur og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Beiti helstu matreiðsluaðferðum og noti til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld.</li> <li>- Greini frá viðbrögðum við slysum á heimilum.</li> </ul>	
Matur og umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skilji og ræði mismunandi umbúðamerkingar.</li> <li>- Meti gæði og meðferð matvæla.</li> <li>- Tengi viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og átti sig á uppruna helstu matvæla.</li> </ul>	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

# Upplýsinga- og tæknimennt

Garðar Geirfinnsson

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnninn og skipandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Upplýsingatæknin er ekki kennd sem sérstakt fag við skólann heldur samþættum við það flestum námsgreinum okkar.



## Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinnulag og vinnubrögð.</li> <li>- Upplýsingaöflun og úrvinnsla.</li> <li>- Tækni og búnaður.</li> <li>- Sköpun og miðlun.</li> <li>- Siðferði og öryggismál.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ritvinnsluforrit.</li> <li>- Myndbreytforrit.</li> <li>- Töflugerðarforrit.</li> <li>- Kerfisvafri.</li> <li>- Umbrotsforrit.</li> <li>- Glærugerðarforrit.</li> <li>- Póstforrit.</li> <li>- Vefur Námsgagna-stofnunar.</li> <li>- Verkefni sem kennari býr til.</li> <li>- Vélritunaræfingar af blaði og á rafrænuformi s.s. Fingrafimi og ýmis önnur forrit.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geymi upplýsingar og skjöl á tölvutæku formi með skipulögðum hætti.</li> <li>- Vinni sjálfstætt og á gagnrýninn hátt við að afla upplýsinga af Neti og vinna úr þeim.</li> <li>- Miðli upplýsingum til annarra með upplýsingatækninni.</li> <li>- Kynnist mismunandi hugbúnaði/forriti og læra hvernig á að nota.</li> <li>- Sendi tölvupóst með viðhengjum bæði frá skjáborði og „afrita/líma.“</li> <li>- Flytji myndir úr stafrænni myndavél eða spjaldtölvu inn á heimasvæðið sitt.</li> <li>- Nýti hugbúnað/forrit við myndvinnslu.</li> <li>- Noti töflureikni til að búa til einfaldar formúlur og myndrit.</li> <li>- Setji upp og vinni með skjöl í ritvinnslu á fjölbreyttan hátt.</li> <li>- Noti glæruforrit til að miðla upplýsingum til annarra.</li> <li>- Noti umbrotsforrit til að brjóta um texta með myndum s.s. bækling/blað.</li> <li>- Noti rafrænt og gagnvirkt námsefni til þjálfunar í námi.</li> <li>- Búi til myndasýningu/stuttmynd í Movie-Maker eða öðru sambærilegu forriti.</li> <li>- Noti einfaldan hugbúnað/forrit við forritun einfaldra tölvuleikja og hreyfimynda.</li> <li>- Fari eftir reglum sem gilda um ábyrga netnotkun, átti sig á siðferðislegu gildi þeirra og taki ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Netinu.</li> <li>- Beri virðingu fyrir höfundarétti á rituðu efni og myndum.</li> <li>- Sitji rétt við tölvu þegar unnið er á lyklaborð.</li> <li>- Noti rétta fingrasetningu og tileinki sér blindskrift.</li> </ul>	<p>Hver og einn vinnur að sínu verkefni. Nemendur eru þó hvattir til að hjálpast að. Verkefnin taka yfirleitt eina kennslustund en þó eru þar undantekningar - verkefni geta spannað nokkrar vikur. Samvinnuverkefni eru unnin undir leiðsögn. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði. Rætt er um meðferð heimilda og höfundarétt á því efni sem nemendur nota við verkefni sín. Farið er yfir helstu reglur um örugga netnotkun s.s. Saft-námsefnið.</p>
Matsþættir	<p>Vinna nemenda er metin á ýmsa vegu, öll verkefni sem nemendur gera eru metin þar sem m.a. er tekið tillit til sjálfstæði nemenda, samvinnu í ákveðnum verkefnum, viðleitni, frumleika, hegðun og áhuga. Lögð er áhersla á ábyrgð nemenda sjálfra um vistun t.d. verkefna á réttum stað.</p> <p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p>		

# Myndmennt

Anna Margrét Smáradóttir

Listir eru einn af hornsteinum mannlegs samfélags og hafa fylgt manninum frá örófi alda. Grunnskólinn er samfélag þar sem listir leika sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

Á unglíngastigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli þess listnáms sem lokið er. Ef nemandi velur sér myndlist sem valgrein (á við 9. og 10. bekk) eru gerðar kröfur um sjálfstæðari vinnubrögð við sköpun, túlkun og tjáningu en áður hefur verið gert.

## Myndmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Myndmennt	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnishorn.</li> <li>- Myndlista- bækur.</li> <li>- Netíð.</li> <li>- Vinnu lýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla.</li> <li>- Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.</li> <li>- Geti skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.</li> <li>- Geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.</li> <li>- Geti túlkar listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu.</li> <li>- Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.</li> <li>- Geti greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verklegar æfingar.</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir.</li> <li>- Útlistunarkennsla.</li> <li>- Jafningakennsla.</li> <li>- Hópvinnubrögð.</li> <li>- Sýnikennsla.</li> <li>- Sköpun.</li> <li>- Leikir.</li> </ul>
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.</p>		

## Hönnun og smíði/málmsmíði (Val)

Torfi Hjörvar Björnsson/Gestur Áskelsson

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfá hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfí fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

## Hönnun og smíði/málmsmíði (Val)

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> <li>- Vefsíður.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Velji sér verkefni sem hæfir þeirra getu og kunnáttu.</li> <li>- Velji aðferðir, efni og verkfæri sem hæfa viðfangsefni og noto á öruggan hátt.</li> <li>- Noti mælitæki á réttan hátt, s.s. tommustokk, málband, vinkil.</li> <li>- Skili vönduðu verkefni.</li> <li>- Átti sig á mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Hönnun og tækni		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útskýri hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu bæði fríhendis og málsetta frá ýmsum sjónarhornum.</li> <li>- Útbúi verklýsingu.</li> <li>- Vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reikni kostnað.</li> <li>- Framkvæmi flóknari samsetningar s.s. samlímingu, töppun og skráfun.</li> <li>- Kynnist því hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.</li> <li>- Kynnist áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.</li> </ul>	
Umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Noti efni úr nærumhverfi og geri sér grein fyrir kostum þess fyrir umhverfið.</li> <li>- Beiti líkamanum rétt við vinnu sína, noti viðeigandi hlífðarbúnað og viti hvað vinnuvernd er.</li> <li>- Gangi frá verkfærum og áhöldum á réttan hátt.</li> <li>- Sýni góða nýtingu efna.</li> <li>- Geri grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta efni.</li> <li>- Geri sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg eða ekki.</li> <li>- Greini vistvæn efni frá óvistvænum.</li> </ul>	
Matsþættir	Verkefni metin að verki loknu. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

## Textílmennt (Val)

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

## Textílmennt (Val)

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 8. bekk Nemandi:	Leiðir
Textíl	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skriflegar vinnulýsingar.</li> <li>- Hannyrðir í 3.-6. bekk.</li> <li>- Ýmsar handbækur og blöð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tileinkað sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla.</li> <li>- Geti tekið upp snið og snitt.</li> <li>- Geti gert skriflegar verklýsingar og þjálfist í að fara eftir verklýsingum.</li> <li>- Læri að nýta efni og efnisafganga og endurnýtingu efna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnikennsla í hóp.</li> <li>- Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu.</li> <li>- Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.</li> </ul>
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Verkefni metin að verki loknu.		

## Dans (Val)

Anna Berglind Júlíadóttir

Í dansi verður lögð áhersla á sköpun og freestyle dans. Nemendur semja dansa saman og læra grunnspor í freestyle dansi og nútíma dansi. Hópurinn kemur fram á dansýningu skólans að vori.

## Jóga (Val)

Berglind Ósk Haraldsdóttir

Jóga- og öndunaræfingar, hugleiðsla og slökun geta m.a. dregið úr kvíða, bætt einbeitingu og róað hugann. Jóga eflir persónulega tengingu við okkur sjálf. Í valgreininni munu nemendur gera léttar jóga- og öndunaræfingar, prófa hugleiðslu og í lok hvers tíma er farið í slökun. Einnig verða gerð ýmis verkefni sem tengjast sjálfsmýnd, samkennd og þakklæti. Sé jóga stundað reglulega getur það gefið okkur aukinn liðleika og styrk, betri einbeitingu, sterkari sjálfsmýnd, gleði og ró.

## Vinnustofa (Val)

Sigbrúður Harðardóttir & Lára Hrund Bjargardóttir

Valgrein þar sem nemendur geta fengið aðstoð í bóklegum greinum. Unnið upp það sem ekki næst að vinna í kennslustundum og unnin verkefni eins og t.d. ritgerðir og önnur heimaverkefni.



## Skólakór (Val)

Gestur Áskelsson & Sigríður Kjartansdóttir

Hefðbundin kóralög í bland við nýrri tónlist sungin. Nemendur fá tækifæri til að æfa söng í hljóðnema og raddaðan söng.

## Forritun og Minecraft (Val)

Ingvar Jónsson

Nemendur læra um undirstöðuatriði forritunar og vinna einföld forritunarverkefni. Í forrituninni verður notast við forritin Scratch, Touch develop, Minecraft o.fl. Unnin verða skipulögð og frjáls verkefni í Minecraft sem reyna á sköpun, rýmisgreind og útsjónarsemi.

## Skrautskrift (Val)

Sigbrúður Harðardóttir

Kennsla í snyrtilegri rithönd og skrautskrift. Unnið verður að ýmsum skreytingaverkefnum t.d. tækifæriskortum, nafnspjöldum o.fl. Nemendum verður kennt að nota sniðpenna og ýmis áhöld til þess að skrifa og skreyta með.

## Íþróttir og útivist (Val)

### Hólmfríður Fjóla Zoega Smáradóttir & Lára Hrund Bjargardóttir

Lögð verður áhersla á hreyfingu úti við. Farið verður í nokkrar lengri og styttri göngur. Til dæmis í Reykjadal, Geitafell og á Esjuna. Einnig farið í lengri göngu og e.t.v gíst eina nótt. Nemendur þurfa að eiga góða gönguskó. Þá verður nemendum kennt á hvaða búnaður og reglur eiga við í fjallgöngum, hjólaferðum o.s.frv. Kennt verður í tímabilum að hausti og vori. Reiknað er með að valgreinin verði kennd að hausti og tímarnir fyrir veturinn kláraðir í ágúst og september.